

Hjúkrunarheimili

Upplýsingar fyrir umsækjendur og aðstandendur þeirra

Umsókn um færni- og heilsumat

Fyrsta skrefið í umsókn um hjúkrunarheimili er að sækja um færni- og heilsumat. Umsóknareyðublað er meðal annars á: www.heilsugaeslan.is, <https://island.is/faerni-og-heilsumat> Umsókn skal senda til viðeigandi færni- og heilsumatsnefndar og eru upplýsingar um aðsetur á umsóknareyðublaðinu. Nefndin er skipuð öldrunarlækni, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Færni- og heilsumatsnefnd sér um að kalla eftir ítarlegri gögnum frá fagfólki. Við matið er þörf fyrir sólarhringsumönnun skoðuð, hvort búseta heima með viðeigandi þjónustu sé fullreynd og hvort hægt sé að efla sjálfsbjargargetu með endurhæfingu eða meðferð. Ef ekki er talið tímabært að flytja á hjúkrunarheimili er umsókn synjað og bent á önnur úrræði og er hægt að sækja aftur um síðar.

Þegar umsókn er samþykkt tilgreinir umsækjandi þau heimili sem hann velur að umsókn sé skráð hjá. Á höfuðborgarsvæðinu er æskilegt að sækja um sem flest heimili sem fá þá rafrænan aðgang að umsókninni og gögnum. Færni- og heilsumatsnefnd tilnefnir tvo umsækjendur í hvert pláss sem losnar á hjúkrunarheimili, og velur heimilið milli þeirra. Ef umsækjandi er ekki fluttur innan 12 mánaða þarf að sækja um endurnýjun umsóknar.

Aðstaða á hjúkrunarheimilum

Í þjónustu á hjúkrunarheimilum felst fullt fæði, aðstoð og umönnun, lyf, læknishjálp og hjálpartæki, að hjólastólum undanskildum. Íbúar með minnissjúkdóma búa ýmist á almennum hjúkrunardeildum eða á sérhæfðum hjúkrunardeildum fyrir fólk með heilabilun.

Á nýrri hjúkrunarheimilum eru eingöngu eins manns herbergi með sér baðherbergi. Eldri heimilum hefur víða verið breytt þannig að sem flestir geti búið sér. Algengast er á heimilum með bæði eins og tveggja manna herbergi, að þeir sem búið hafa lengur á heimilinu hafa forgang þegar einbýli er losnar.

Greiðsluþáttaka

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra og meðfylgjandi reglugerð kemur fram að þegar lífeyrisþegi flytur á hjúkrunarheimili falla niður bætur frá Tryggingastofnun frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir flutning.

Þeir íbúar hjúkrunarheimila sem hafa aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun geta þurft að taka þátt í dvalarkostnaði. Þátttakan reiknast samkvæmt fyrirbyggjandi tekjuáætlun hjá Tryggingastofnun og er tekjutengd, mikilvægt er að gera nýja tekjuáætlun ef tekjur breytast. Tekjur eru allar skattskyldar tekjur, þar á meðal eru lífeyrissjóðsgreiðslur, fjármagnstekjur, vaxtatekjur og leigutekjur. Höfuðstóll og viðbótarlífeyrissparnaður er ekki talinn með í útreikningum.

Hjúkrunarheimilin innheimta þátttöku í dvalarkostnaði samkvæmt tilmælum Tryggingastofnunar.

Hægt er að sækja um frestun á greiðsluþátttöku, svo sem vegna hárrar greiðslubyrði af húsnæði, [Umsókn um framlengingu lífeyrisgreiðslna](#). Maki sem býr áfram heima getur nýtt sér skattkort hins aðilans og getur sótt um heimilisuppbót, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sjá tr.is.

Ráðstöfunarfé er greitt til þeirra sem hafa litlar eða engar tekjur en áttu rétt á tekjum frá Tryggingastofnun fyrir flutninginn. Ekki þarf að sækja sérstaklega um ráðstöfunarfé.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Tryggingastofnun.

Hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík

Droplaugarstaðir, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík www.droplaugarstadir.is

Eir, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík www.eir.is

Grund, Hringbraut 50, 101 Reykjavík www.grund.is

Hrafnista Laugarás, Brúnavegi 13, 104 Reykjavík www.hrafnista.is

Hrafnista Skógarbær, Árskógum 2, 109 Reykjavík www.hrafnista.is

Hrafnista Sléttuvegur, Sléttuvegi 25, 103 Reykjavík www.hrafnista.is

Mörk, Suðurlandsbraut 66, 108 Reykjavík www.grund.is

Skjól, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík www.skjol.is

Sóltún, Sóltúni 2, 105 Reykjavík www.soltun.is

Mosfellsbær

Hamrar, Langatanga 2, 270 Mosfellsbæ www.eir.is

Seltjarnarnes

Seltjörn, Sefgörðum 20, 170 Seltjarnarnesi s. 5604179

Kópavogur

Hrafnista Boðarþing, Boðarþingi 5-7, 203 Kópavogi www.hrafnista.is

Sunnuhlíð, Kópavogsbraut 1c, 200 Kópavogi www.sunnuhlid.is

Garðabær

Hrafnista Ísafold, Strikinu 3, 210 Garðabæ www.hrafnista.is

Hafnarfjörður

Hrafnista Hraunvangur, Hraunvangi 7, 220 Hafnarfirði www.hrafnista.is

Sólvangur, Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði www.solvangur.is

Upplýsingar um hjúkrunarheimili um allt land og umsóknarferli eru meðal annars á heimasíðum Embættis Landlæknis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, sveitarfélaga og víðar www.landlaeknir.is, www.stjornarrad.is, www.tr.is, www.sjukra.is, www.islands.is

Lög um:

- málefni aldraðra nr. 125/1999
- heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Lög um almannatryggingar nr. 100/2007

Reglugerð um:

- færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma nr. 466/2012
- greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu nr. 427/2013
- stofnanþjónustu fyrir aldraða nr. 1112/2006
- styrki vegna hjálpartækja nr. 1155/2013